

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



**Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar**

## Skýrsla til umdæmisstjórnarfundar 22. janúar 2011, haldinn í Kiwanishúsi Eldeyjar í Kópavog

Ágætu Kiwanisfélagar, gleðilegt ár

Starfsárið hjá verðandi svæðisstjóra í Ægissvæði byrjar með sumarhátíð, þannig að mitt fyrsta verkefni var að stýra sumarhátíð Ægissvæðis í júní sl. í samstarfi við verðandi forseta. Hátíðin var haldin að Hellishólum í Fljótshlíð, óvenju fáir mættu og var ástæðan sú að fólk var hrætt við ösku frá Eyjafjallajökli en á svæðinu var enginn aska. Við sem mættum (64) áttum skemmtilega helgi saman við leik og gleðskap.

Góð samvinna var við alla í undirbúningi stjórnarskipta. Fyrstu stjórnarskiptin voru hjá Hofi í Garði 28. september, en þeir bjóða konunum sínum með á fundinn og var einn félaginn sem eldaði handa okkur. Þar á eftir komu klúbbarnir í Hafnarfirði 1. október og voru þeir með stjórnarskiptin í Skútunni, eftir stjórnarskiptin var tekinn inn nýr félagi í Sólborg. Keilisfélagar voru svo með sín stjórnarskipti og afmælishátíð að Flúðum 2. október og mjög skemmtilega dagskrá í tengslum við það sem byrjaði á góðri göngu um svæðið með nokkrum stoppistöðvum þar sem göngumenn fengu góðar veigar. Stjórnarskipti voru svo hjá Setbergi 8. október þeir buðu sínum konum á fundinn og eins og hjá Hofsfélögum sjá þeir sjálfir um að elda. Þeim til mikillar gleði mætti félagi þeirra Þór Ingólfsson fyrrum umdæmisstjóri en hann hafði átt við alvarleg veikindi að stríða og er nú ný látinn. Síðast en ekki síst voru stjórnarskipti hjá Eldey þann 9. október og þeir setja saman stjórnarskipti og árshátíð, og voru teknir inn tveir nýir félagar þetta kvöld. Bergþór Ingibergsson kjörsvæðisstjóri var mér til aðstoðar við öll stjórnarskiptin nema hjá Keili en þar naut ég aðstoðar Einars Más Jóhannessonar Keilisfélaga.

Búið er að halda eina svæðisráðstefnu hjá Setbergi í Garðabæ og var það góður fundur og langur. Góðar skýrslur frá forsetum. Fræðslunefnd kom og var með fræðslu fyrir ritari. Næsta svæðisráðstefna verður 12. febrúar hjá Hraunborg í Hafnarfirði

Hraunborg hélt upp á afmælið sitt 27. nóvember sl. klúbbburinn varð 25 ára. Því miður gat ég ekki mætt í afmælið, þar sem ég var á faraldsfæti fyrir umdæmið. En svæðisritari Dröfn Sveinsdóttir mætti í minn stað.

Það er alltaf ánægjulegt að geta sagt frá fjölgun félaga en mér var boðið á fund hjá Eldey í október þar sem við Óskar umdæmisstjóri tókum inn tvo nýja féлага. Hjá Sólborg tók ég svo inn tvo nýja féлага á jólafundinum. Því miður þá er ekki raunfjöldun í



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar



## Efling, kraftur, áráði – Ábyrgðin er okkar

svæðinu, þar sem strokaðir hafa verið út félagar sem ekki hafa mætt og greitt árgjald og tveir félagar hafa falli frá í svæðinu nýlega. En við erum ekkert að gefast upp í Ægissvæði og veit ég að það er von á fjölgun fljótlega í svæðinu. Skýrsluskil hjá klúbbunum eru 100% og er ég stolt af riturum svæðisins fyrir það og geri ráð fyrir að þetta verði svona út starfsárið.

Í desember var mikið að gera hjá öllum klúbbum í fjáröflun og eru vinnustundir 1.625, veittir styrkir eru 757.378 kr. en ekki er komið uppgjör í stýrtarsjóð frá öllum klúbbunum vegna fjáröflunar, geri ráð fyrir að það komi fram í janúarskýrslum og á næstu svæðisráðsstefnu svo ég tek það saman seinna.

Nýjasti klúbburinn í svæðinu er Varða og verða þær vígðar 1. febrúar nk. og skildist mér á Jóhönnu forseta að hún ætti von á því að þær tækju inn nýja féлага af því tilefni.

Það er öflugt starf í Ægissvæði og mikil samvinna á milli klúbba. Ég sé í skýrslum að klúbbar eru duglegir að fara í heimsóknir til annarra klúbba, og fjölbreytt fundadagskrá. Því hlakka ég mikið til að fara í heimsóknir til klúbbanna en það er næsta verkefni hjá mér.

Með Kiwaniskveðju  
Hildisif Björgvinsdóttir  
Svæðisstjóri Ægissvæðis 2010-2011